

Nd.

368. Nefndarálit

um frv. til laga um samþykkt á landsreikningnum 1924.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin hefir athugað frv. þetta og borið það saman við landsreikninginn 1924 og fylgiskjöl hans, og með skirskotun til athugasemda og tillagna yfirskoðunarmanna Alþingis leggur nefndin til, að það verði samþykkt óbreytt.

Rjett virðist nefndinni þó að vekja athygli á einstaka fjárgreiðslum samkvæmt lögum og þingsályktunum, sem færðar eru til útgjalda í 24. gr., svo sem skv. l. um kaup á eimskipum frá ^{27/1}'17, kr. 5486.44, l. frá ^{26/10}'17 um stofnun alþýðuskóla á Eiðum, kr. 625.00, l. frá ^{14/11}'17, um kornforðabúr, kr. 102.00, l. frá ^{28/11}'19, um húsagerð ríkisins, kr. 11800.00, og þingsál. frá ^{15/9}'17, um skipun fossanefndar, kr. 1751,42, bæði vegna þess, að nefndinni þykir rjett, að gerð sje grein fyrir því, hvernig á greiðslum þessum stendur, og af því að líklegt þykir, að betur færi á að setja þessar greiðslur í aðrar greinir fjárlaganna, svo sem einnig ýmsar aðrar af þessum greiðslum samkvæmt sjerstöku lögum.

Alþingi, 14. apríl 1926.

Kl. Jónsson,
form.

Jón A. Jónsson,
fundaskrifari.

Jakob Möller,
frsm.

Björn Línadal. Halldór Stefánsson. Magnús Jónsson. Ásgeir Ásgeirsson.